



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

24. fundur, föstudaginn 29. janúar, kl. 10:00
í iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir (til kl. 11:00), Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), Kjartan Ólafsson (formaður faghóps 3) og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Kristinn Einarsson, OS.

Fundarfrásögn

- Fundargerðir.** Fundargerð frá síðasta fundi, 20. nóv., var samþykkt.
- Kynningar formanna faghópa á matsferli.**
 - Faghópur 2.* (Glærusýning Önnu Sverrisdóttur liggur með fundargerð verkefnisstjórnar á vinnusíðu rammaáætlunar.) Í kynningu Önnu kom fram að hin nýja aðferðafræði hópsins hefur m.a. verið kynnt fyrir ferðamálaráði, SAF, markaðsfulltrúum landshluta og einnig hefur í matsferlinu verið kallað eftir ábendingum og skoðunum marga aðila, þ.á.m. landvarða, staðkunnugra einstaklinga og ýmissa sérfræðinga. Þá gerði Anna stutta grein fyrir svæðaskiptingu vegna matsferlis, sýndi dæmi um mats-eyðublað og svaraði fyrirspurnum og athugasemdum.
 - Faghópur 1.* (Glærusýning Þóru Ellenar liggur með fundargerð verkefnisstjórnar á vinnusíðu rammaáætlunar.) M.a. gerði Þóra grein fyrir svæðaskiptingu og skilgreiningu matssvæða. Þar sem netsamband á fundarstað lá niðri var ekki unnt að sýna afmörkun svæða á vefsíðu rammaáætlunar en fundarmenn munu fá leiðbeiningar í pósti um það hvernig þeir geti komist inná vefsíðuna. Svæðaskiptingin var borin undir Sveinbjörn Björnsson (háhiti) og Hákon Aðalsteinsson (vatnsafl) sem töldu afmörkunina eðlilega. Fram kom sú skoðun að nauðsynlegt væri að skipta t.d. Torfajökulssvæði, Kerlingafjöllum og Krísuvík upp í fleiri og minni svæði gagnvart mati á virkjanakostum í stað þess líta á þau sem eitt svæði.
 - Faghópur 4.* Guðni gerði grein fyrir stöðu mála hjá faghópi 4 sem er á lokaspretti. Röðun virkjunarkosta mun taka mið af 6 hagkvæmnisflokkum sem hópurinn hefur skilgreint. Niðurstöður faghóps 3 munu síðan raða í forgangsröð innan einstakra hagkvæmnisflokka út frá sínum niðurstöðum. Guðni tók einnig fram að tengikostnaður vegna raflína verði ekki tekinn með í hagkvæmniútreikninga enda sé sá kostnaður nær undantekningalaust hverfandi. Engu að síður verður þessi kostnaður birtur sér í niðurstöðum hópsins.
 - Faghópur 3.* (Glærusýning Kjartans liggur með fundargerð verkefnisstjórnar á vinnusíðu rammaáætlunar.)

3. **Stöðutaka og framhaldsvinna.** Svanfríður dró saman stöðu mála í janúarlök og næstu skref. Í 1. áfanga voru niðurstöður faghópa 1 og 2 samþættaðar í hlutföllunum tveir á móti einum. Nú væri ekki komin niðurstaða í þeim efnum og ákveðið hefur verið að bera saman niðurstöður hópanna tveggja þegar þær liggja fyrir og kanna hvort veruleg frávik komi fram. Þá rakti Svanfríður samskipti sín við iðnaðarráðuneytið um meðferð málsins í umsagnarferlinu. Hún hefði sett fram þá tillögu að endanleg niðurstaða verkefnisstjórnar liggja ekki fyrir fyrr en eftir að kynningarferlinu ljúki og beðið er svars við þeirri hugmynd. Engu að síður yrði vinnuáætlun að taka mið að því að lokaniðurstaða liggja fyrir í byrjun mars. Þar á meðal verða tillögur um þrískiptingu virkjanakosta/svæða í verndar, bið- og nýtingarflokka. Svanfríður lagði fram tímaplan um tímasetningar næstu funda verkefnisstjórnar og formanna faghópa. Starfsmanni var falið að senda út áformaðar dagsetningar og kanna möguleika verkefnisstjórnarmanna á fundahöldum.
4. **Efnisyfirlit lokaskýrslu.** Lögð voru fram drög að efnisyfirliti lokaskýrslu. (Sjá fylgiskjal með fundargerð á vinnusvæði verkefnisstjórnar.) Miðað verður við að hver faghópur fái til umræða 3-4 bls. til að gera grein fyrir aðferðafræði. Þá var samþykkt að kafli þar sem birtar verða niðurstöður mats rammaáætlunar verði fyrsti kafli skýrslunnar.
5. **Önnur mál.** Í lok fundarins spunnust umræður um ýmis mál.
 - a. *Verndarsvæði.* Friðrik Dagur vakti athygli á því að ríkisstjórnin hefði samþykkt að ekki yrði heimilað að ráðast í Norðlingaölduveitu og sú samþykkt hefði verið kynnt forstjóra Landsvirkjunar. Í framhaldi af því þætti sér undarlegt að sjá þennan kost á lista rammaáætlunar. Þóra tók undir með Friðriki og þessi rödd væri til marks um breyttar áherslur stjórnvalda. Þóra taldi jafnframt að líta ætti til þess að enda þótt faghópar hefðu metið verðmæti allra svæða væri óeðlilegt að setja friðlýst svæði í biðflokk. Kristín Linda tók undir sjónarmið Þóru um að ekki ætti að ráðast í virkjunarframkvæmdir á friðlýstum svæðum. Friðrik bætti við að á sama hátt og svæðum hefði verið ráðstafað undir virkjanir sem væru óafturkræfar ættu friðuð svæði að njóta sömu stöðu; það sem hefur verið friðað á áfram að njóta verndar. Því væri rétt að taka verndarsvæði út fyrir sviga við lokaröðun.
 - b. *Efnistöð lokaskýrslu.* Stefán taldi að verkefnisstjórn ætti að líta á sig sem ráðgjafa stjórnvalda. Slík staða kallaði á að fram kæmi ráðgjöf en ekki eingöngu beinharðar tillögur. Ástæða væri til að skýrslan færi „út fyrir rammann“ og setti fram umræður um álitamál til framtíðar og einhverskonar framtíðarsýn. Þá væri rík ástæða til að benda á að til þessa verkefnis hefði verið varið of litlu fé, mjög takmörkuðu mannafla og vinnuferlinu gefinn of skammur tími. Minnt var á að í skýrslu þyrftu að koma fram forsendur, fyrirvarar og ábendingar um framhald og einnig að matið byggja á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum og núverandi tæknistigi orkuöflunar. Þóra taldi að benda skuli á að við mönnun faghópa í næsta áfanga verði þess að freistað að kalla til sama fólk og starfað hefði í faghópum þessa áfanga. Ef nýir aðilar komi inn verði að gefa þeim rúman tíma til að tileinka sér og komast „inn í“ aðferðafræðina. Þorsteinn lagði einnig til að minnst yrði á þá tilhneigingu sem uppi væri um aukningu smávirkjana á landsbyggðinni. Slíkar virkjanir falla ekki undir rammaáætlun en geta haft mikil umhverfisáhrif.
 - c. *Sjálfbærni.* Rætt var um sjálfbærni og aðkomu verkefnastjórnar að vinnuhópi um sjálfbærni háhitavirkjana. Anna taldi sjálfbærni hafa fengið of lítið rúm í vinnu

faghópa en málið hefði verið fengið í hendur sérstökum hópi sem verkefnisstjórn og faghópar hefðu lítið komið að. Mikilvægt væri að víkja að þessum málum í lokaskýrslu. Fram kom að sjálfbærniþingur er að ljúka störfum og stefnt verður að kynningu á helstu niðurstöðum á næsta fundi. Stefán taldi að í þessum efnum væri margt athugasvert og fulla ástæðu til að lokaskýrsla benti á ýmis dæmi sem vert væri að vara við, t.d. mengun frá Hellisheiðavirkjun. Þá yrði að líta til sjálfbærni m.t.t. alls umhverfisins og í hnattrænu samhengi, t.d. væru ýmis aðföng til virkjunarframkvæmda framleidd í andstöðu við sjónarhorn sjálfbærni.

- d. *Framvinda vinnu 2. áfanga.* Þóra og Anna minntu á þá skoðun faghópa 1 og 2 að mjög mikilvægt væri að gengið yrði frá lagafrumvarpi um stöðu rammaáætlunar áður en lokaniðurstaða verði lögð fram. Þóra gat þess að sérfræðingar í hennar hópi væru ekki tilbúnir til að leggja fram án frekari vinnu þann stóra gagnagrunn sem lægi til grundvallar mati hópsins enda væri um að ræða gögn sem þjónuðu fyrst og fremst því hlutverki að styðja við munnlegar framsögur. Ef leggja á grunninn sjálfstætt fram þarf að leggja í verulega vinnu.

6. **Næstu fundir.** Fundi var slitið kl. 13:00. Næsti formannafundur faghópa verður haldinn fös. 5. feb. kl. 10:00. Ekki var ákveðin dagsetning fyrir næsta fund verkefnisstjórnar en tekin verður ákvörðun í kjölfar könnunar starfsmanns á fyrsta mögulega fundardegi.